

Reglugerð um búninga í blaki

1. grein

- Búningar liðs skulu vera sömu tegundar í sama lit nema búningur frelsingja liðsins, hann skal vera í öðrum lit sem svipar ekki til aðallitsins.
- Leikmenn liðsins skulu allir vera í eins búningum sömu tegundar, þ.m.t. stuttbuxur.
- Sokkar leikmanna skulu vera í sama lit.
- Starfsmenn liða skulu vera í samræmdum klæðnaði.
- Grein þessi á við um úrvalsdeild og bikarkeppni frá og með undanúrslitum.
- Neðri deildir og yngri flokkar skulu vera í samlitum treyjum og samlitum stuttbuxum.

2. grein

Merkingar búninga skulu vera mjög sýnilegar og í öðrum lit en búningurinn sjálfur. Búningar eru merktir með númeri frá 1-99 á miðju brjósti og á baki en lið í tveimur efstu deildum Íslandsmóts og bikarkeppni (frá og með 8 liða úrslitum) skulu merkt með númeri frá 1-20.

Stærðir

- Breidd númers skal vera 2 cm.
- Stærð á miðju brjósti: Hæð að lágmarki 15 cm
- Stærð á miðju baki: Hæð að lágmarki 20 cm
- Númer fyrirliða liðs skal auðkennt með striki undir númeri að framan.
- Merki félagsins skal vera á vinstra brjósti að framan að lágmarki 36 cm²

3. grein

Keppnislið í Úrvalsdeild skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.

Útiliði er heimilt að nota aðalkeppnisbúning sinn nema í þeim tilfellum þegar keppnisbúningur heimaliðs er í sama eða svipuðum lit.

Liðum í deildakeppni neðar en Úrvalsdeild nægir að eiga eitt sett af búningum en þó skv. 1. og 2. grein. **Lið skulu uppfylla reglur um númeramerkingar í síðasta lagi á keppnistímabilinu 2017-2018.**

Samþykkt á 44. ársþingi BLÍ, þann 16. september 2016